

Freyr Sigurjónsson stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan einleikarprófi árið 1978. Hann stundaði framhaldsnám hjá Trevor Wye í Royal Northern College of Music í Manchester og lauk diplomprófi frá sama skóla árið 1982. Hann hefur síðan starfað sem 1. flautuleikari í Sinfóníuhljómsveitinni í Bilbao og kennir auk þess við Tónlistarháskólann þar. Freyr er eftirsóttur sem kennari og hefur undanfarin ár haldið námskeið víða á Spáni. Hann kemur reglulega fram bæði í kammertónlist og sem einleikari með hljómsveitum og hefur meðal annars frumflutt flautukonsert Carl Nielsens á Spáni.

Hlíf Sigurjónsdóttir lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði framhaldsnám við háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff. Hlíf starfaði í nokkur ár með kammerhljómsveitum í Þýskalandi og Sviss uns hún sneri heim til Íslands. Hún hefur kennt við Tónlistarskóla Ísafjarðar, Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins. Hún hefur tekið þátt í margs konar tónlistarflutningi hérlandis og erlendis, leikið einleik með hljómsveitum og haldið sjálfstæða tónleika. Hlíf er fastráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Kristinn Örn Kristinsson stundaði nám við Tónlistarskólann á Akureyri og lauk þaðan lokaprófi 1977. Kristinn nam hjá Margréti Eiríksdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík en hélt síðan til Bandaríkjanna þar sem hann lauk BM prófi við Southern Illinois University Edwardsville. Síðan stundaði hann framhaldsnám í tvö ár hjá Joseph Kalichstein við St. Louis Conservatory of Music. 1982 hóf Kristinn kennslu við Tónlistarskólann á Akureyri og gegndi þar einnig starfi yfirkennara hin síðari ár. Hann er nú skólastjóri Tónlistarskóla íslenska Suzukisambandsins og starfar einnig við Tónlistarskólann í Reykjavík. Kristinn hlaut nýlega starfslaun listamanna.

Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Freyr Sigurjónsson
flautuleikari

Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari

Kristinn Örn Kristinsson
píanóleikari

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Þriðjudaginn 29. júlí 1997 kl. 20:30

Efnisskrá

Stamitz fjölskyldan, sem var af bæheimskum uppruna, hafði mikil áhrif á tónlistarlíf samtímans. Þekktastir voru J. W. Stamitz og synir hans tveir, Carl og Anton. Sónata I opus 14 er sú fyrsta í röðinni af sex fyrir flautu, fiðlu og fylgirödd. Líkt og önnur verk eftir Carl Stamitz er þessi sónata létt og heillandi.

Bohuslav Martinů ræktaði tríó hefðina í mörgum verkum sínum og notaðist við 18. aldar hefðina þar sem flautan kom inn sem kammerhljóðfæri. Bohuslav Martinů ólst upp í smábænum Polička í Tékkóslóvakíu þar sem faðir hans var hringjari og bjó með fjölskyldu sinni í klukkuturni. Tónlist hans ber mikinn keim af áhrifum sem hann varð fyrir í bernsku það er að segja kirkju-tónlist, klukknahtljómur og söngur fuglanna.

César Cui var einn af fimmmenningunum svokölluðu en hinir voru Mily Balakirev, Borodin, Mussorgsky og Rimsky-Korsakov en þessi tónskáld höfðu ómæld áhrif á rússneskt tónlistarlíf. Cui hafði sérstakt dálæti á óperum og þar átti hann mestu velgengni að fagna sem tónskáld. Hann samdi mörg kammerverk og *Cinq pièces* er gott dæmi um ljóðrænan stíl hans.

Bræðurnir **Franz** og **Karl Doppler** voru eftirsóttir flautuleikarar á sínum tíma. Þeir störfuðu báðir í hljómsveit í Búdapest þar sem þeir sömdu og fluttu flautudúetta við mikla hrifningu almennings. Leiðir þeirra skildi svo síðar og er þessi dúett eftir Franz Doppler ekki fyrir tvær flautur heldur fyrir flautu og fiðlu með píanó-undirleik.

Carl Stamitz
(1746 - 1801)

Sónata I opus 14
Moderato
Andante moderato
Rondo

Bohuslav Martinů
(1890 - 1959)

Madrigal Sónata
Poco allegro
Moderato - Allegro

César Cui
(1835 - 1918)

Cinq pièces opus 56
Badinage
Berceuse
Scherzino
Nocturne
Valse

Bohuslav Martinů
(1890 - 1959)

Sónata fyrir flautu, fiðlu og píanó
Allegro poco moderato
Adagio
Allegretto
Moderato (poco allegro)

Franz Doppler
(1821 - 1883)

Duettion Americain opus 37
fyrir flautu, fiðlu og píanó